

Nd.

342. Breytingartillögur

[206. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

3. tölul. 31. gr. laganna orðist svo:

Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að fára niður um allt að 4% á árinu 1988, um allt að 3% á árinu 1989 og um allt að 1% á árinu 1990, en þá falli heimildir samkvæmt þessum tölulið niður.

2. Við 3. gr. Við greinina bætist tveir nýir liðir:

5. Persónulega eyðslu forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur árlega um takmörk samkvæmt þessum tölulið.

6. Risnu nema hún sé sannanlega í þágu fyrirtækisins. Ríkisskattstjóri setur reglur um risnukostnað fyrirtækja eftir stærð þeirra og veltu og með hliðsjón af markaðsstöðu fyrirtækjanna. Við ákvörðun sína skal ríkisskattstjóri gæta þess sérstaklega að persónuleg eyðsla forráðamanna fyrirtækis eða starfsmanna þess færst aldrei á kostnað fyrirtækisins.

3. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 52% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul.

62. gr.

4. Við 6. gr. 3. tölul. greinarinnar orðist svo:

Síðari mgr. 5. tölul. orðist svo:

Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi skulda er þó heimilt að draga allt að 4% 1988, 3% 1989 en 1% 1990 og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra var stofnað.

5. Við bætist ný grein er verði 8. gr. og hljóði svo:

Á eftir 2. mgr. 102. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:

Skattransóknarstjóri skal á hverju ári láta fara fram rannsókn á bókhaldi og skattskilum a.m.k. 100 fyrirtækja sem ákveðin verða samkvæmt útdrætti á nöfnum þeirra. Stuðlað skal að því að fyrirtækin og einstaklingar með rekstur geti gengið að því vísu að skattskil þeirra verði rannsökud reglulega.